

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

## Hagsmunasamtök Heimilanna



Erindi nr. HH16U146.0078

Dags. 24.02.2017

### Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 78. mál á 146. löggjafarþingi

*Tillaga til þingsályktunar um aðskilnað fjárfestingarbanka og viðskiptabanka*

Hagsmunasamtök heimilanna styðja eindregið aðskilnað fjárfestingarbanka og viðskiptabanka, og eru því fylgjandi þeirri tillögu sem hér um ræðir. Gerðar hafa verið tilraunir hér á landi með óheftan samrekstur áhættusækinna fjárfestingastarfsemi og almennrar viðskiptabankastarfsemi, með vægast sagt hörmulegum afleiðingum fyrir þjóðarbúið í heild. Með hliðsjón af þeirri reynslu er full ástæða til að sporna við því að slíkir atburðir geti endurtekið sig. Eins og vísað er til í greinargerð með tillögunni eru til söguleg fordæmi um slíkan aðskilnað sem hafa reynst áhrifarík, einkum hin bandaríska lög sem kennd voru við Glass-Steagall frá árinu 1933. Útfærsla á slíkum aðskilnaði nú til dags þarf nauðsynlega að taka mið af þeirri þróun sem orðið hefur á fjármálamörkuðum, bæði innlendum og alþjóðlegum, og verða hér nefnd tvö dæmi um slík atriði sem hafa má til hliðsjónar:

*Innstæðutryggingar:* Einföld og skilvirk leið til þess að knýja á um aðskilnað fjárfestingabanka og viðskiptabanka gæti falist í því að setja það sem skilyrði fyrir aðild að innstæðutryggingakerfinu að bankar sem njóti slíkrar tryggingar stundi ekki samtímis áhættusama fjárfestingastarfsemi.

*Veðsetning útlána og skuldakrafna:* Færst hefur í aukana að fjármálafyrirtæki veðsetji eignir sínar þ.e. útlán og skuldakröfur, svo sem með útgáfu sértryggðra skuldabréfa og öðrum fjárhagslegum tryggingaráðstöfunum, til þess að sækja sér lánsfé og auka við skuldbindingar sínar. Slík veðsetning sniðgengur forgang krafna vegna innstæðna samkvæmt svokölluðum neyðarlögum nr. 125/2008, og stuðlar þannig að ógjaldfærni innstæðutryggingasjóðs. Einföld og skilvirk leið til að stemma stigu við þessu felst í því að tryggja kröfur vegna innstæðna með lögveði í eignum banka.

Almennt eru samtökin hlynnt hinni umræddu tillögu og hvetja til þess að hún verði samþykkt. Auk þess vísast til fylgiskjals með umsögn þessari sem inniheldur drög að frumvarpi þessa efnis.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

## **Frumvarp(s) til(-)laga**

**um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 og lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999 (aðskilnaður viðskiptabanka og verðbréfafyrirtækja).**

(Lagt fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016–2017.)

### **I. KAFLI**

**Breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „6. tölul.“ í 1. másl. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. komi: 5. tölul.
- b. Í stað orðanna „6. tölul.“ í 1. másl. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. komi: 5. tölul.

2. gr.

4. mgr. 20. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Frá og með gildistöku laga þessara skal Fjármálaeftirlitið taka gildandi starfsleyfi fjármálafyrirtækja samkvæmt 1.-2. tölulið 4. gr. til endurskoðunar með hliðsjón af áorðnum breytingum og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. janúar 2018. Leiði slík endurskoðun í ljós að fjármálafyrirtæki hafi einhverjar þær heimildir samkvæmt eldra starfsleyfi sínu sem ekki samræmast tegund þess samkvæmt 4. gr. skal Fjármálaeftirlitið gefa því kost á að sækja um starfsleyfi á ný samkvæmt sama tölulið og áður. Starfsleyfi samkvæmt 1.-2. tölulið 4. gr. veitt fyrir gildistöku laga þessara falla úr gildi eigi síðar en 1. janúar 2019.

### **II. KAFLI**

**Breyting á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum.**

4. gr.

2. másl. 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Krafa sjóðsins nýtur lögveðsréttar sem gengur fyrir eldri sem yngri samningsveðum og aðfararveðum, svo og yngri lögveðum öðrum, og er hún aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar.

### III. KAFLI

#### **Gildistaka.**

##### 5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

##### *Greinargerð:*

Með frumvarpi þessu er lagt til að sú breyting verði á lögum um fjármálafyrirtæki að eitt og sama fjármálafyrirtækið megi ekki starfa sem almennur viðskiptabanki eða sparisjóður og á sama tíma stunda viðskipti og þjónustu með fjármálagerninga. Með því er leitast við að koma til móts við kröfur samfélagsins um aðskilnað viðskipta- og fjárfestingarbanka. Þar sem hugtakið fjárfestingarbanki hefur aðra merkingu í lögum um fjármálafyrirtæki en þá sem að jafnaði er átt við í almennri orðræðu um aðskilnað viðskiptabanka er fyrirnefnda hugtakið þó ekki notað í heiti frumvarpsins, heldur samræmist orðalag þess því að í raun er um að ræða starfsemi af því tagi sem fellur undir skilgreiningu verðbréfafyrirtækja.

Jafnframt er lagt til að sú trygging sem tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta er ætlað að veita verði gerð raunveruleg í reynd með því að veita kröfum sem kunna að stofnast vegna greiðsluskyldu sjóðsins, lögveð í eignum hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.

##### Um 1. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að viðskiptabönkum og sparisjóðum verði eigi heimilt að stunda viðskipti og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, sbr. 6. tl. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

##### Um 2. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að sjálfgefin heimild viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánafyrirtækja, til viðskipta með verðbréf skv. 25. gr. laganna sbr. lög um verðbréfaviðskipti, verði felld brott til samræmis við 1. gr. frumvarpsins.

##### Um 3. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að starfsleyfi viðskiptabanka og sparisjóða sem þegar hafa verið veitt samkvæmt a.-b. lið 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, verði tekin til endurskoðunar. Reynist starfsheimildir fyrirtækis ekki samræmast breytingum sem lagðar eru til á þeirri grein með 1. gr. frumvarpsins, gefist því þá kostur á að sækja um nýtt starfsleyfi sömu tegundar. Ellegar skuli eldra starfsleyfi falla úr gildi eigi síðar en 1. janúar 2019.

##### Um 4. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að kröfum sem tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta eignast komi til greiðslu úr sjóðnum, verði veittur lögveðsréttur til eigna hins tryggða aðila.

##### Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.